# Eiga skógrækt og sauðfjárrækt samleið?

Þórarinn Ingi Pétursson formaður Landssamtaka sauðfjárbænda




Einstakur fjárstofn frá 874 og mikil menningarleg tenging.
Einstakur litafjölbreytileiki. Einstök ull, tog og þel.
Lopinn er vinsæll um allan heim, lopapeysur o.s.frv.
Mikil kjötgæði samkvæmt alþjóðlegum samburðar-blindprófum (Pepsi-áskorun).




Ferskt lambakjöt selt í Whole foods í Bandaríkjunum.
Lambakjöt er þjóðarréttur Íslendinga.
Hluti af upplifun erlendra ferðamanna.




Takmörkuð auðlind.
Fé hefur fækkað mikið á íslandi – er nú um 490.000.
2/3 af öllu norður-evrópskt stuttrófufé er á Íslandi.




Þar af er sérstakur 1.400 til 1.500 stofn forystufjár sem hefur einstaka hæfileika.
Okkur ber skylda til að vernda þessa stofna.
Okkur ber skylda til að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika.




Nú er unnið að skráningu íslensku sauðkindarinnar og forystufjárins í Matarörk (Ark of Taste) hinna alþjóðlegu Slow Food samtaka.
Það er mikil viðurkenning á framlagi Íslands og íslensku sauðkindarinnar til líffræðilegs fjölbreytileika.
Fyrir utan að vera viðurkenning á menningarlegu mikilvægi lambakjöts og sauðkindarinnar.




3.350 lögbýli á Íslandi þar sem einhver var skráður til heimilis árið 2014.
Fé sent til slátrunar frá tæplega 2000 stöðum 2014.
Um þúsund bein ársverk í sauðfjárrækt.
Um þúsund ársverk til viðbótar í beint afleiddum störfum.




Skýrsla Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri frá 2015
Sauðfjárrækt er hryggjarstykkið í hinum dreifðu byggðum.




Dregið úr framleiðslunni um 24% síðustu 30 ár.
Sláturdýrum fækkað um 33% á sama tíma.
Mikil breyting á búskaparháttum
92% framleiðslunnar undir hatti gæðastýringar – sem innifelur landbætur bænda




Bændur eru vörslumenn landsins
Án gróins lands er ekkert beitiland
Því nýta bændur landið með sjálfbærum hætti, vinna að alls kyns landbótum, ræktun og uppgræðslu.
Bændur meðal ötulustu landbótamanna




Bændur græða landið í 25 ár í samstarfi við Landgræðsluna
Um sex hundruð bændur að jafnaði á hverju ári
30.000 tonn af áburði
300 tonn af fræði
Tugir þúsunda hektara
Framlag bænda í vinnu, tækjum, eldsneyti, gömlu heyi o.s.frv. nemur a.m.k. hundruð milljóna.




80% birkiskóga eru í löndum bænda.
Birkiskógar víða beittir
Góður árangur.
Gunnar Einarsson á Daðastöðum (mynd).
Birkiskógar í afréttum víða í framför.
Nútímaleg beitarstýring.
Vetrarbeit löngu hætt.




Birkiskógar víða verið beittir – bæði hér og í Evrópu.
En hvað fá bændur út úr ræktun og viðhaldi beitarskóga?
Gríðar góð beit er í skógarbotni
Skógurinn veitir skjól – allt að þriðjungi vænna fé




Beit viðheldur fjölbreytileika gróðurs
Beit heldur niðri illgresi (njóli, skógarkerfill og fl.
Til þess að hægt sé að ná góðum árangri þarf að stunda beitarstjórnun, girðingar lykil atriði.




Framtíð sauðfjárræktar felst í því að hlúa að sérstöðunni og því sem vel er gert.
FJÖLSKYLDUBÚ: Við viljum að íslensk sauðfjárbú verði áfram fjölskyldubú. Verksmiðjuframleiðsla er ekki inni í okkar framtíðarsýn.
MENNING: Við viljum hlúa að tengingu sauðfjárræktar við menningu sveitanna og ekki síður að menningararfleifðinni.
HREINLEIKI: Erfitt er að finna húsdýrastofn sem er jafn hreinn, laus við sjúkdóma og alinn á jafn náttúrulegan hátt og íslenska fjallalambið. Hrein afurð hreinnar náttúr.
GÆÐI: Við viljum halda áfram að framleiða vöru á heimsmælikvarða og hvergi slaka á í gæðum.
FAGMENNSKA: Við viljum gæta að fagmennsku í hvívetna – alla leið frá bónda á disk.
DÝRAVELFERÐ: Þrátt fyrir að lög og reglur um dýravelferð séu hvergi jafn strangar og hér, þrátt fyrir að lyfjagjöf í íslenskri sauðfjárrækt sé sú minnsta sem þekkist o.s.frv., þá verðum við að muna að hlúa áfram að dýravelferð
SJÁLFBÆRNI: Við viljum nýta landið á sjálfbæran hátt og halda áfram að bæta það.
FJÖLBREYTILEIKI: Við viljum hlúa að fjölbreytileika í búskap, vinnslu og sölu.




Við viljum að allt þetta endurspeglist í einu upprunamerki – sem segir okkur að íslenskt lambakjöt sé hrein hágæðavara sem framleidd er á sjálfbæran hátt í sátt við




Það tekur langan tíma að vinna svo merki sess – en okkar sýn er skýr.
Við teljum að framtíðin liggi því því að framleiða góða, eftirsótta og einstaka hágæða vöru.
Við viljum vinna með öllum þeim sem vilja vinna með okkur að því að bæta landgæði og græða land.




Því við sauðfjárbændur þurfum samstarfsaðila.
Viljum fá fleiri að borðinu sem hafa sömu markmið og við – að bæta landið og skila því í betra ástandi til komandi kynslóða heldur en við tókum við því.
Hvernig förum við að?

> Koma upp úr skotgröfunum – því rifrildi er ekki líklegt til árangurs
> Leysum ágreining af yfirvegun og sanngirni.
> Sameinast um **raunhæf markmið.**




Þá erum við komin aftur að upphaflegu spurningunni og yfirskrift þessa erindis: Eiga skógrækt og sauðfjárrækt samleið?
Svarið er einfalt – Já, að sjálfsögðu.

Markmið allra geta náðst - t.d. með beitarskógum.




LS leggur hér með fram hugmynd að nýju verkefni – Íslenska beitarskóga - og býður Skógræktarfélagi Íslands í samstarf, sem og öllum öðrum sem vilja vera með okkur. Hvernig best er að útfæra það eða vinna verður að koma í ljós – en orð eru til alls fyrst.

## Takk fyrir

